

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Eyvík, landnr. 168240, Heimaás.

Breytingin felur í sér að stofnuð er ný 14.963 m² lóð, Heimaás, úr landi Eyvíkur. Lóðin er stofnuð utan um byggingarreit fyrir ferðaþjónustu.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. febrúar 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.